

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2017, þriðjudaginn 21. nóvember, fór fram 381. fundur stjórnar Sorpu bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst kl.07:30. Mættir: Halldór Auðar Svansson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Álfþórsson, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 4 voru Geir Kristinsson og Þróstur Sigurðsson frá Capacent og Auðbjörg Friðgeirsdóttir frá pwc undir lið 8.

Tekið fyrir:

1. Níu mánaða rekstraryfirlit SORPU bs.
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir 9 mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör SORPU bs. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar fyrir sama tímabil ásamt magntölum og heimsóknarfjölda. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um rúmlega 371 mkr. að teknu tilliti til fjármagnsliða. Rekstrarniðurstaða endurvinnslustöðvanna og grenndargámanna eru gjöld umfram tekjur upp á um 3 mkr.
2. Niðurstaða útboðs á vélavinnu og flutningi fyrir móttökustöð í Gufunesi
Tilboð í verkið „0917 Flutningur á úrgangi úr móttökustöð“ voru opnuð á skrifstofu SORPU bs. þriðjudaginn 7. nóvember sl. Alls bárust 6 tilboð frá jafn mörgum aðilum. Eftirfarandi tilboð bárust:

Nafn bjóðanda	Tilboðsupphæð með vsk.	Hlutfall af áætlun
Kubbur ehf.	607.307.270,-	85,9%
EC lausnir ehf.	626.785.000,-	88,7%
Islandsfrakt ehf.	661.719.410,-	93,6%
Gámaþjónustan hf.	682.850.670,-	96,6%
Íslenska Gámafélagið	898.881.500,-	127,1%
GT Verktakar ehf.	1.020.280.550,-	144,3%
Áætlun ráðgjafa	707.000.000,-	100,0%

Mannvit hefur rýnt tilboðin og óskað eftir gögnum eins og venja er, sjá meðfylgjandi minnisblað. Yfirferð tilboða breytir ekki röð tilboða. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðanda um verkið.

3. Vélavinna í Álfsnesi
Lagt fram minnisblað um útboð og verkamning vegna vélavinnu á urðunarstaðnum í Álfsnesi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa útboð á vélavinnu með það að markmiði að nýr samningur taki gildi 1 apríl 2018.
4. Fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar
Kynning Capacent á áhættugreiningu vegna fjárfrekra framvæmda á vegum SORPU. Jafnframt kynnt drög að samantekt framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra á mögulegum lánakjörum félagsins. Einnig kynnt greining á tekjum fyrirtækisins. Framkvæmdastjóra falið að ljúka vinnu við lokaútgáfu og senda á SSH og óska eftir afstöðu eigenda til fjármögnunarleiða sem skoðaðar hafa verið.
5. Viðræður við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (Kölku)
Framkvæmdastjóri kynnir að hann ásamt starfsmönnum Capacent hafa farið á fundi í öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og kynnt bæjarráðum þá vinnu sem unnin hefur verið. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá fundi með forsvarsmönnum Kölku um framhaldið. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að senda erindi á SSH/eigendavettvang SORPU þar sem óskað verður eftir afstöðu eigenda til áframhaldandi viðræðna. Jafnframt verði afrit sent öllum eigendum.
6. Viðræður við Strætó bs. um mögulega notkun á metani

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá fundi með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Strætó bs. um mögulega notkun Strætó á metani sem eldsneyti.

7. Gagnaleki af heimasíðu SORPU bs.
Kynnt bréf Persónuverndar vegna gagnaleka gegnum heimasíðu SORPU og svarbréf framkvæmdastjóra.
8. Staða og verkáætlun innri endurskoðunar
Kynnt verkáætlun innri endurskoðunar í ljósi niðurstöðu útboðs á ytri endurskoðun samstæðu Reykjavíkurborgar.
9. Næsti fundur
Næsti fundur ákveðinn 15. desember kl. 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 09:45

Halldór Auðar Svansson
Guðmundur Geirdal
Sturla Þorsteinsson

Kolbrún Þorsteinsdóttir
Bjarni Torfi Álfþórsson
Rósa Guðbjartsdóttir